


IV. TAKMÖRKUN Á NOTKUN SÝNILEGRA LASERGEISLA



ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS

SKÝRINGAR / SKILMÁLAR

D. Svæði/loftrými með banni eða takmörkunum á notkun sýnilegra lasergeisla eða sambærilegra ljósa

Af öryggisástæðum eru á upprætti nr. IV skilgreind 3 svæði/loftrými á og í nágrenni flugvallarinnar með reglum um notkun sýnilegra lasergeisla eða sambærilegra ljósa, í samræmi við kröfur í reglugerð um flugvelli í Annex 14:

Svæði/loftrými án lasergeisla og sambærilegra ljósa (LFFZ)

Svæði/loftrými næst flugvellinum, upp í 600 m hæð, sem nær 3.700 m frá miðju flugbrauta og brautarendum, auk svæða í framhaldi af illum flugbrautum sem eru í notkun, 5.600 m langt og 750 m breitt til hvorrar handar, frá miðlinu flugbrauta sunnan við flugvöll, en breytilegt að norðan eins og nánar er sýnt á upprætti IV.

Innan þessa svæðis er bannað að nota laserljós eða sambærileg ljós sem geta valdið truflun á útsýni/sjónsviði flugmanna/flugstjórnenda. Ljós magn slíkra ljósa innan svæðisins má ekki vera hærra en 50 nW/cm² nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufli ekki flugumferð. Samgöngustofu er heimilt að veita leyfi til að nota slík ljós á þeim hluta svæðisins sem er í framhaldi af flugbrautum, undir aðflugsgeira (þ.e. innan svæðisins sem er 5.600 m í framhaldi af flugbrautum) enda sé leitað umsagnar rekstraráðila flugvallar. Aðflugsgeirinn hallar í 1/50 frá flugbrautarþröskuldi og upp.

Svæði/loftrými sem viðkvæmt er fyrir notkun lasergeisla eða sambærilegra ljósa (LCFZ)

Svæði/loftrými sem nær í 18.500 m radius frá viðmiðunarpunkti flugvallarinnar (ARP) og upp í og með 3.000 m hæð, eins og nánar er sýnt á upprætti. Innan þessa svæðis má ljósmagn lasergeisla eða sambærilegra ljósa ekki vera hærra en 5µW/cm² nema gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufli ekki flugumferð.

Svæði/loftrými sem er næmt fyrir lasergeislum eða sambærilegum ljósum (LSFZ)

Svæði/loftrými sem nær í 25.000 m radius frá viðmiðunarpunkti flugvallarinnar (ARP) og upp í og með 10.500 m hæð, eins og nánar er sýnt á upprætti. Innan þessa svæðis má ljósmagn lasergeisla eða sambærilegra ljósa ekki vera hærra en 100µW/cm² nema gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufli ekki flugumferð.

Auk framangreindra takmarkana er ávallt bannað að beina lasergeisla eða sambærilegu ljósi í átt að loftfari innan framangreindra svæða. Aðili sem hyggur á notkun lasergeisla eða sambærilegra ljósa, innan svæðis sem skilgreint er sem svæði/loftrými án lasergeisla og sambærilegra ljósa (LFFZ) eða svæði sem skilgreint er hér að framan sem svæði/loftrými sem viðkvæmt er fyrir notkun lasergeisla eða sambærilegra ljósa (LCFZ), getur sótt um leyfi til notkunar slíkra lasergeisla eða ljósa til Samgöngustofu. Stofnunin skal leita umsagnar rekstraráðila flugvallar áður en slík heimild er veitt. Ákvarðanir, þar sem sýnjað er um slíkt leyfi eða ef sett er íþyngjandi skilyrði fyrir slíku leyfi, má bera undir Innanríkisráðuneyti sem tekur endanlega ákvörðun í málinu.

Reglur þessar voru auglýstar til kynningar og samhlöða athugasemdafrestri frá 5. OKTÓBER til 16. NÓVEMBER 2015

Innanríkisráðherra samþykkti reglur þessar með undirskrift sinni þann

16. ágúst 2016


[Signature]

Auglýsing um gildistöku reglna þessara birtist í Lögberingablaðinu þann 31. OKTÓBER 2016 og öðluðust þær gildi þann dag.





INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

LANDSLÖG | ARKÍÐ arkitektar



NÁNARI MÁLSETNING Á LOFTRÝMI ÁN LASERGEISLA ÁHRIFA



- ARP: Aerodrome reference point
Viðmiðunarpunktur flugvallar
- AGL: Aerodrome ground level
Viðmiðunarsvæðið flugvallar
- LFFZ: Laser-beam free flight zone
Svæði/loftrými án lasergeisla og sambærilegra ljósa
- LCFZ: Laser-beam critical flight zone
Svæði/loftrými sem viðkvæmt er fyrir notkun lasergeisla eða sambærilegra ljósa
- LSFZ: Laser-beam sensitive flight zone
Svæði/loftrými sem næmt er fyrir notkun lasergeisla eða sambærilegra ljósa